

**Akureyri, 21.01.2022**

### **Erindi: Aðstaða til útiþróttar í nýju Móahverfi**


Fyrir hönd íþróttafélagsins Þórs vill teiknistofan Kollgáta benda skipulagsráði og skipulagshöfundum Móahverfis á nauðsyn þess að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar innan skipulagssvæðisins. Það er ótvíræður styrkur fyrir hverfið til framtíðar að þar sé skipulagt svæði fyrir útiþróttir og fyrir því eru fjöldamörg sterk rök.

Gera má ráð fyrir skv. skipulagsdrögum sem kynnt hafa verið að fjöldi barna í hverfinu geti verið um 30% af heildaríbúafjölda hverfisins eða á milli 6-700 börn. Það er því ljóst að þörf fyrir aðstöðu til útivistar og íþróttaiðkunar barna verður mikil í þessu nýja hverfi auk þess sem mikill fjöldi barna býr auðvitað í Gilja- og Síðuhverfum í næsta nágrenni.

Það er ekki verjandi í nútíma samfélagi sem er annt um umhverfismál og velferð barna og fjölskyldna að hvetja til aukinnar bílamenningar. Ef engin svæði verða til formlegs íþróttastarfs á vegum Þórs eða annarra félaga í hverfinu verða langar göngu- og hjólaferðir barna og unglunga til að komast í íþróttaaðstöðu Þórs við Hamar óhjákvæmilegar. Nú þegar þurfa börn í Gilja- og Síðuhverfi um langan veg að fara að Hamri yfir Hlíðarbraut sem er ein helsta umferðaræð bæjarins og í raun óverjandi að bæta heilu hverfi við á næstu árum án nokkurra íþróttamannvirkja.

### **Helstu rök með beiðni þessari eru þessi:**

- Fjöldi barna og unglunga í nýju Móahverfi verður það mikill að nauðsynlegt er að gera ráð fyrir því að hægt verði að sinna skipulögðu íþróttastarfi innan svæðisins. Nýtt svæði fyrir útiþróttir Þórs mun einnig tekið tekið við iðkendum úr Síðuhverfi og Giljahverfi, sunnan og austan við þetta nýja hverfi.
- Íþróttasvæði sem þetta mundi styrkja Móa-, Síðu- og Giljahverfi á sumrin þegar íþróttaskólar og frístundanámskeið félagsins eru í gangi og gera börnum kleift að sækja þau enn nær heimilum sínum.
- Það er ekki verjandi árið 2022 að skipuleggja enn eitt hverfið í úthring bæjarins sem er algjörlega sneitt allri þjónustu við íbúa þess, og auki bílnotkun og er afar óumhverfisvænt.
- Nauðsynlegt er fyrir íþróttafélagið Þór að fá tækifæri til þess að stækka og þróa samhliða stækkun bæjarins. Tilhneiging skipulagsyfirvalda undanfarin ár hefur með réttu verið sú að þetta byggð og fylla smám saman í töluvert af auðum og ónotuðum svæðum í bænum og hafa Þórsarar ekki farið varhluta af því. Það er augljóst að möguleikar félagsins til aðstöðustækkunar á núverandi athafnasvæði félagsins eru takmarkaðir. Því væri svæði sem þetta nauðsynlegur hluti þess að þróa þjónustu félagsins við iðkendur á þeirra nærsvæði og gefa Þór tækifæri til að vaxa með bæjarbúum inn í framtíðina í stað þess að lokast af inni á takmörkuðu svæði við Hamar.
- Það er samfélagsleg skylda sveitarfélagsins, skipulagshöfunda og íþróttafélagsins að vel sé staðið að félagslegu umhverfi fjölskyldna í þessu nýja hverfi sem öðrum. Aðstaða sem þessi er því ein af undirstöðum lífsgæða íbúa hverfisins.
- Sterkar undirstöður eins og íþróttasvæði sem þetta, bæta hverfið og styrkja ásókn nýrra íbúa að því til langrar framtíðar og hækka þar með einnig fermetraverð íbúða í hverfinu.



Hér má sjá tvö svæði merkt með rauðum hringjum sem væru álitlegur kostur fyrir útiþróttasvæði og aðstöðuhús fyrir íþróttafélagið Þór í nýju Móahverfi.

### Ósk íþróttafélagsins Þórs

Íþróttafélagið Þór óskar því eftir því að skipulagsyfirlönd taki frá svæði innan skipulagssvæðisins þar sem hægt verði að koma fyrir íþróttasvæði með upplýstum sparkvöllum og/eða samfelldu svæði með gervigrasi og snjóbræðslu. Svæðið væri að lágmarki sem nemur hálfum keppnisvelli (60x60m) og einnig aðliggjandi byggingarreit fyrir aðstöðuhúsi allt að 100m<sup>2</sup>. Þannig væri hægt að mæta þörfum barnafjölskyldna á svæðinu með hagkvæmum hætti og styrkja á sama tíma innviði þessa nýja hverfis til langrar framtíðar.

### Fyrir hönd Íþróttafélagsins Þórs

Reimar Helgason, framkvæmdastjóri